



Starfsmannafélag Kópavogs



Orlofsblað 2022

Aðalfundur SfK 2022

Aðalfundur SfK verður haldinn miðvikudaginn 27. apríl nk. kl. 17:00 í sal safnaðarheimilis Kársnessóknar að Hábraut 1A, Kópavogi.

Dagskrá:

1. Fundur settur og starfsmenn fundarins skipaðir.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Endurskoðaðir reikningar lagði fram til úrskurðar.
4. Lagabreytingar.
5. Ákveðið árgjald félagsmanna.
6. Kosning formanns.
7. Kosning í stjórn og nefndir.
8. Önnur mál.

Stjórn Starfsmannafélags Kópavogs.

Félagsmenn eru hvattir til að senda tölvupóst til félagsins í sfk@stkop.is merktan „Framboð í stjórn og nefndir SfK 2022“ þar sem fram kemur það hlutverk, stjórn eða nefnd sem viðkomandi hyggst bjóða sig fram til að gegna ásamt nafni, kennitölu, vinnustað, símanúmeri og netfangi sem senda má upplýsingar til. Gott er einnig að senda inn nokkrar línur til að kynna sig fyrir félagsmönnum.

Framboðsfrestur rennur ekki út fyrr en á aðalfundi en gott er að tilkynna um framboð nokkru fyrir aðalfund. Tilkynnt er um uppstillingu framboða á heimasíðu félagsins og geta félagsmenn kynnt sér frambjóðendur áður en til kosninga kemur á aðalfundi.

Formaður og stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára.

Orlofsnefnd er kosin til eins árs.

Efni í blaðinu

Aðalfundur SfK	2	- <i>Eiðavatn</i>	10
Orlofskostir 2022	3-15	- <i>Hvammur</i>	11
<i>Lífeyrisþegar SfK</i>	3	- <i>Hvassaland</i>	12
<i>Afslættir í boði félagsins</i>	4	- <i>Spánn</i>	13
<i>Umsóknartímabil og greiðslufrestir</i> ...	4	- <i>Þverlág</i>	14
<i>Hvernig á að sækja um orlofshús?</i> ...	5-6	- <i>Munaðarnes</i>	14
<i>Hver fær úthlutun</i>	6	- <i>Birkihlíð</i>	15
<i>Ýmsar gagnlegar upplýsingar</i>	7	Orlof að eigin vali	16
<i>Ábyrgðarskilmálar leigutaka</i>	8	Nýjungar í ferðaávisun	17-19
<i>Skráning á póstlista</i>	8	Veiði- og útilegukortkortið	20
- <i>Arnarborg</i>	9	Flugávisanir	20
- <i>Einilundur</i>	9	Stjórn og nefndir	21
		Sumarlokun skrifstofu	21

Orlofskostir 2022



Þann 12. febrúar 2022 var opnað fyrir fyrstu rafrænu umsóknirnar vegna orlofskosta. Tímabilið hófst á páskaúthlutun og heldur svo áfram frá klukkan 12:00 þann 1. mars fyrir aðra orlofskosti þetta árið. Að þessu sinni hefur Spánn bæst við sem valkostur.

Ekki tókst að fá leigt hús á Vestfjörðum að þessu sinni en félagsmönnum er bent á kostinn „orlof að eigin vali“ eða „ferðaávísun/gisting“ sé ferðinni heitið þangað. Tímabil og kostir eru ávallt auglýstir á heimasíðu félagsins og sendir út í tölvupósti til þeirra sem eru með skráð netföng hjá félaginu.

Í þessu blaði er farið yfir það sem í boði er þetta árið, auk þess sem umsóknartímabil, punktafrádrættir og fleira er kynnt.

Athugið að frekari upplýsingar um leigutíma og verð er að finna á orlofsvef SfK.

Lífeyrisþegar SfK



● Þegar félagsmenn SfK láta af störfum á aldursmörkum og hafa unnið sér inn rétt til eftirlauna geta þeir skráð sig sem lífeyrisþega hjá starfsmannafélagi Kópavogs. Við skráningu halda félagsmenn punktaeign sinni og geta klárað að nýta punktana sína en ekki er um frekari punktaávinnslu að ræða.

● Um lífeyrisþega SfK gilda sömu reglur um verð og punkta til jafns við aðra félagsmenn. Lífeyrisþegar geta ekki sótt um orlofskosti þegar úthlutunartímabil eru í gildi. Að þeim loknum þegar tímabilin opna fyrir alla virka félagsmenn undir „fyrstur kemur, fyrstur fær“ geta lífeyrisþegar til jafns við aðra leigt það sem út af stendur.

● Framleiga er óheimil og skal félagsmaðurinn sjálfur vera með í för. Ef í ljós kemur að félagar í Lífeyrisdeild eða aðrir félagsmenn framleigja orlofshús til þriðja aðila lokast fyrir aðgang þeirra skv. reglum félagsins í 6 mánuði. Sé um ítrekuð brot að ræða lokast alveg fyrir orlofsvef viðkomandi.

● Líkt og undanfarin ár verða tvær vikur tileinkaðar lífeyrisþegum SfK.

● Vikurnar sem um ræðir eru 13. - 20. maí og 20. - 27. maí. Orlofsdvöl á þessu tímabili er lífeyrisþegum að kostnaðarlausu. Úthlutun fer eftir punktastöðu og eru teknir 20 punktar fyrir vikuleigu.

● Félagar í lífeyrisdeild hafa rétt til þess að nýta sér aðra þá orlofskosti sem SfK býður upp á. Þar má nefna gjafabréf í flug, ferðaávisanir, Veiði- og Útilegukort o.fl. sem auglýst er á heimasíðu SfK hverju sinni og lesa má um hér í blaðinu.

Umsóknartímabil og greiðslufrestir 2022



Athugið að 20 punktar eru dregnir af félagsmanni fyrir hverja vikuleigu.

	Tímabil	Umsóknar-tímabil hefst	Umsóknar-tímabili lýkur	Úthlutun fer fram	Greiðslu-frestur	Opnar fyrir bókanir virkra félaga
Orlof að eigin vali	1. maí - 30. sept.	1. mars	29. mars	5. apríl	12. apríl	14. apríl
Páskavika	13.- 20. apríl	12. feb.	2. mars	4. mars	9.mars	11. mars
Lífeyrisþegar	13. - 20. og 20. - 27. maí	1. mars	29. mars	5. apríl	12. apríl	14. apríl
Sumarúthlutun innanlands	27. maí - 2. sept.	1. mars	29. mars	5. apríl	12. apríl	14. apríl
Sumarúthlutun Spánn	17. maí - 20. sept.	1. mars	29. mars	5. apríl	12. apríl	14. apríl
Jól og áramót	22.- 29. des. og 29. des - 5. jan.	1. sept.	29. sept.	3. okt.	10. okt.	12. okt.

Afslættir í boði félagsins

Auk þess að bjóða upp á orlofshús og -íbúðir á niðursettu verði niðurgreiðir félagið ýmsa aðra þjónustu sem nýtist félagsmönnum í orlofi. Kortin, gjafabréfið og ferðavísunin er þó til sölu allt árið um kring. Athugið að lesa má nánar um þessa möguleika aftar í blaðinu sem og á heimasíðu félagsins.

	Veiðikortið	Útilegukortið	Gjafabréf Ícelandair	Ferðaávísun/Gisting
Almennt söluverð	8.900 kr.	19.900 kr.	25.000 kr.	Breytilegt
Verð til félagsmanns	3.500 kr.	10.000 kr.	18.000 kr. *	Breytilegt
Niðurgreiðsla	5.400 kr.	9.900 kr.	7.000 kr.	35.000 hámark
Fjöldi pr. ár	1	1	7	Ótakmarkað**
Punktafrádráttur	0	0	1	15

*18.000 kr. gjafabréf gildir sem 25.000 krónur.

**Ótakmörkuð nýting afsláttarkjara að niðurgreiðslu lokinni.

Hvernig á að sækja um orlofshús?

Félagsmenn SfK sækja um orlofshús og orlof að eigin vali rafrænt á orlofsvef; orlof.is/stkop/

- Fyrst þarf að skrá sig inn á orlofsvefinn efst hægra megin í horninu „**innskráning**“. Sækja skal um með því að fara í „**Laus tímabil**“ eða „**Umsókn um úthlutun**“. Gæta skal að því að velja réttan mánuð (heiti mánaðar verður appelsínugult) og velja þann orlofskost og tímabil sem sótt er um. Klára þarf allt umsóknarferlið og senda umsóknina inn. Staðfesting á innsendri umsókn berst í tölvupósti til þess netfangs sem skráð er á orlofsvefnum. Hægt er að skoða skráningu undir „síðan mín“ „mínar upplýsingar“.
- Ekki skiptir máli hvenær á skráðu umsóknartímabili sótt er um. Hægt er að sækja um fyrsta og annan valkost. Að úthlutun lokinni fá félagsmenn niðurstöður sendar í tölvupósti á skráð netfang á orlofsvef. Þeir sem ekki eru með rafræn skilríki geta haft samband við skrifstofu félagsins í síma 554 5124 og fengið aðstoð við umsóknina.
- **Greiðslufrestur** er sjö dagar frá tilkynningu um úthlutun og fer greiðsla fram rafrænt í gegnum orlofsvefinn með öruggu greiðslukerfi Saltpay/Borgunar.
- Þegar úthlutun er lokið og greiðslufrestur er liðinn verða þeir orlofskostir sem eftir standa boðnir þeim sem næstir eru í úthlutunarröðinni.
- Að greiðslufresti loknum eru orlofskostir sem ekki leigðust út boðnir virkum félagsmönnum undir reglunni „fyrstur kemur fyrstur fær“. Á orlofsvefnum geta félagsmenn bókað lausa orlofskosti beint án úthlutunarferlis. Gilda þar sömu reglur um punkta og verð.
- Ekki er tekið á móti umsóknum í tölvupósti.
- Reglur og skilmála félagsins er hægt að kynna sér á orlofsvefnum og áður en greiðsla fer fram.
- Skrifstofa SfK er ávallt reiðubúin að veita aðstoð við orlofsvefinn í síma 554 5124.

Félagsmenn athugið:
Hægt er að sækja um fyrsta og annan valkost. Sækja þarf um á orlofsvef SfK.

Vissir þú...

...að búið er að setja upp nýja netbeina og myndlykla í orlofshús félagsins og frítt net komið í öll hús nema að Eiðavatni?

Félagsmenn geta einnig tengt eigin tæki eins og AppleTV o.fl. og skráð sig inn á eigin efnisveitur. Unnið er að bættri nettengingu að Eiðavatni.



Hver fær úthlutun?

Ef tveir félagsmenn eða fleiri sækja um sama stað og sömu dagsetningar fær sá félagsmaður úthlutun sem hefur flesta punkta. Punktastöðu er hægt að skoða undir „síðan mín“ „mínar upplýsingar“. Telji félagsmaður að punktastaða sín sé ekki rétt skal senda vinnuveitandavottorð til félagsins og óska eftir að farið verði yfir punktastöðu áður en sótt er um. Vinnuveitandavottorð færðu hjá þínum yfirmanni eða launadeild.

Orlofskerfið virkar þannig að það flokkar allar umsóknir sem bárust á orlofsvefnum á umsóknartímabili. Því næst fer kerfið yfir allar umsóknirnar og úthlutar þeim orlofskostum sem sótt var um til þess félagsmanns sem flesta punkta hefur.

Ef ekki er hægt að úthluta félagsmanni orlofskosti sem sótt var um í fyrsta sæti þá reynir kerfið að verða við því að úthluta þeim félagsmanni þann orlofskost sem sótt var um í öðru sæti. Vegna þessa er mikilvægt að félagsmenn sækji um á umsóknartímabili þá orlofskosti og tímasetningar sem henta örugglega.

Félagsmenn sem afþakka þann orlofskost sem sótt var um og fékkst úthlutað detta við það út úr úthlutunarferlinu og næsta í röðinni verður boðinn sá orlofskostur.

Félagsmenn geta því ekki hafnað úthlutaðum orlofskosti og valið sér annan í staðinn. Ef eitthvað óvænt verður til þess að félagsmaður geti ekki nýtt sér úthlutun þarf hann að hafa samband við skrifstofu strax. Greiddir orlofskostir fást ekki endurgreiddir.

Þegar úthlutun er lokið og greiðslufrestur er liðinn verða þeir orlofskostir sem eftir standa boðnir þeim sem næstir eru í úthlutunarröðinni.

Að því loknu er opnað fyrir orlofsvefinn og allir orlofskostir sem ekki leigðust út boðnir virkum félagsmönnum undir reglunni „fyrstur kemur fyrstur fær“. Þar geta félagsmenn bókað lausa orlofskosti beint án úthlutunarferlis.

Það athugast að allar greiðslur vegna orlofskosta fara í gegn um orlofskerfið og örugga greiðslugátt Saltpay/Borgunar.

Athugið!



Aðeins er hægt að sækja um orlofshús eða „orlof á eigin vali“ á rafrænan hátt á orlofsvef félagsins, orlof.is/stkop



In order to apply for a holiday chalet or holiday grants (Week of your own choice / Orlof að eigin vali) on the website orlof.is/stkop



Uwaga! W roku bieżącym ubieganie się o mieszkania lub domki będzie możliwe jedynie w formie elektronicznej. www.orlof.is/stkop

Ýmsar gagnlegar upplýsingar

vegna leigu orlofshúss

Síðan mín

Undir flípanum „Síðan mín“ inni á orlofsvefnum er hægt að skoða allar helstu upplýsingar um umsóknir, bókanir, afpantanir, skráð netföng og aðrar almennar upplýsingar.

Aukadagur leigu


Aukadagur vegna leigu á orlofshúsi kostar 3.500 krónur og telst sá dagur sem er umfram tveggja sólarhringa leigu aukadagur. Hægt er að leigja orlofshús frá tveimur dögum og allt að sjö dögum. Helgar er ekki hægt að slíta í sundur. Aukadagur leigu reiknast sjálfkrafa þegar félagsmaður bókar í lengri tíma en til tveggja daga. Vegna sérstaka aðstæðna sé félagsmaður búinn að ganga frá leigu og vill bæta við auka degi þarf að hafa samband við skrifstofu félagsins fyrir leigutíma á opunartíma skrifstofu í síma 554 5124. Greiðslur fara fram í gegnum öruggt greiðslukerfi Saltpay/Borgunar.

Söfnun punkta

Félagsmenn ávinna sér 12 orlofspunkta á ári, þ.e. 1 punkt fyrir hvern unninn mánuð. Punktastaða er uppfærð árlega áður en páskaúthlutun fer fram. Orlofspunktar stýra því hverjir eru í forgangi á úthlutunartímum (flestar punktar = mestir möguleikar). Félagsmenn fylgjast með punktastöðu sinni á orlofsvefnum. Telji félagsmaður punktastöðu ranga skal senda inn beiðni um endurskoðun orlofspunkta ásamt vinnuveitandavottorði til félagsins í sfk@stkop.is - Orlofshús sem tekin eru eftir reglunni „fyrstur kemur fyrstur fær“ á úthlutunartímabilum kosta jafnan punktafrádrátt og á við um úthlutanir á hverju tímabili fyrir sig. Allir virkir félagsmenn geta sótt um á úthlutunartímum þó þeir eigi fáa eða enga punkta. Punktastaða hjá viðkomandi verður þá neikvæð.

Opnun leigutímabila

Orlofshús félagsins utan úthlutunartímabila eru opin þrjá mánuði í senn t.d. nóvember, desember og janúar. Nýtt tímabil opnast tímabil næstu mánaðamót á eftir því tímabil sem var að ljúka og svo koll af kolli.



Frekari reglur og skilmála er að finna á orlofsvefnum

Dýrahald í tveimur orlofshúsum

Orlofsnefnd hefur nú heimilað dýrahald í tveimur orlofshúsum. Arnarborg Stykkishólmi og Hvassalandi Akureyri. Um tilraunaverkefni er að ræða að beiðni félaga SfK og ræðst af umgengni. Mikilvægt er að dýraeigendur virði þær reglur sem settar eru.

- Öll lausaganga dýra er stranglega bönnuð.
- Eigendur skulu hirða upp eftir dýr sín.
- Dýr mega ekki fara upp í rúm, sófa, stóla eða á húsgögn.
- Óheimilt er að hafa dýr bundin við hús eftirlitslaus.
- Óheimilt er að gæludýr geri þarfir sínar á verönd við hús.
- Auk almennra þrifa skal fjarlægja öll dýrahár við leiguskil.
- Félagsmaður samþykkir að greiða fyrir skemmdir sem kunna að verða af völdum dýra hans eða vanþrifa skv. reglum og skilmálum félagsins.
- Gæludýr skulu ekki valda öðrum gestum ónæði.

Ábyrgðarskilmálar leigutaka

Leigutaki skuldbindur sig til að skila hinu leigða hreinu og í samræmi við aðrar reglur hússins. Sé frágangur og skil á hinu leigða við brottför ábótavant eða ófullnægjandi að mati umsjónarmanns/starfsmanns SfK, verður þrifið og innheimt 25.000 krónur þrífagjald og lokað verður fyrir orlofsaðgang leigutaka næstu 6 mánuði. Alltaf er farið yfir húsin eftir hverja dvöl. Ef leigutaki greiðir ekki gjaldið þá verður aðgangi leigutaka lokað til viðbótar í 6 mánuði, þá samtals 12. mánuði.



Leigutaki ber ábyrgð á hinu leigða og öllum búnaði þess meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til að bæta það tjón sem verða kann af hans völdum, eða þeirra sem þar dvelja á leigutíma samkvæmt almennum reglum skaðabóta- og leiguréttar. Reikningur vegna skemmda er sendur með 15 daga gjaldfresti og er sendur í lögfræðinnheimtu með tilheyrandi kostnaði að greiðslufresti loknum.

Óheimilt er að framleigja orlofskosti félagsins. Ef leigutaki framleigir orlofskost lokast fyrir aðgang leigutaka að orlofsvef í 6 mánuði. Sé um ítrekuð brot að ræða lokast alveg fyrir orlofsvef viðkomandi.



Bilanir í leiguhúsnæði og viðhald



Leigutaki skal láta umsjónarmann/skrifstofu vita af bilun og skemmdum í búnaði og munum hins leigða. Bilanir eru óviðráðanlegar og ófyrirsjáanlegar og verður brugðist við þeim næsta virkan dag ef ekki er hægt að leysa málin í gegnum síma.

Leigutaki skal hleypa viðgerðar- og viðhaldsaðila á vegum félagsins inn í hið leigða svo hægt sé að sinna viðgerðum og viðhaldi. Ekki er veittur afsláttur af leiguverði vegna bilana eða viðgerða/viðhalds á leigutíma.

Frekari upplýsingar um skilmála og reglur er að finna á orlofsvef félagsins.

Skráning netfangs á póstlista



Félagsmaður hefur samband við skrifstofu félagsins ef skrá eða breyta þarf netfangi eða öðrum upplýsingum. Mikilvægar tilkynningar og upplýsingar eru sendar á skráð netföng.

Arnarborg 8

Stykkishólmi



- Húsið er 85 fermetrar og samanstendur af þremur svefnherbergjum, anddyri, stofu, borðstofu og eldhúsi.
- Eitt hjónaherbergi er í húsinu, eitt herbergi með rúmi sem er 135 sentímetrar á breidd og loks herbergi með kojum. Svefnpláss er fyrir allt að sex á neðri hæð. Fjórir geta gíst á svefn- og sjónvarpslofti. Sængur og koddar eru fyrir 10 manns í húsinu.

- Stór og góð verönd er við húsið með heitum potti og tveimur útigeymslum.
- Gasgrill fylgir húsinu auka garðhúsgagna.

Einilundur 10b

Akureyri



- Um er að ræða rúmgott raðhús á góðum stað á Akureyri.
- Húsið samanstendur af anddyri, stofu, tveimur svefnherbergjum með svefnrými fyrir fjóra og eldhúsi.
- Auk herbergjanna eru svefnsófar í stofunni og barnaferðarúm er til staðar í húsinu. Samtals eru því svefnstæði fyrir átta manns.
- Sængur og koddar eru jafnframt fyrir átta manns í húsinu.
- Þvottahús ásamt þvottavél er á staðnum.
- Verönd er til suðurs ásamt gasgrilli og garðhúsgögnum.





Eiðavatn

Fljótsdalshéraði



- Húsið, sem er nr. 17, er 54 fermetrar og stendur við Eiðavatn. Það samanstendur auk svefnherbergja af anddyri, stofu og eldhúsi.
- Í húsinu eru tvö svefnherbergi; bæði með tvíbreiðum rúmum. Svefnsofi er í stofunni ásamt tveimur auka svefndýnum. Alls eru því svefnstæði fyrir átta manns. Sængur og koddar eru fyrir 10 manns í húsinu.
- Stór og rúmgóð verönd er við húsið ásamt útigeymslu, gasgrill og garðhúsgögnum.
- Húsinu fylgir báturinn Kópur ásamt bátaskýli til afnota fyrir dvalargesti og er þeim heimilt að veiða í Eiðavatni. Björgunarvesti eru í bátaskýlinu en gestir eru eindregið hvattir til að nota öryggisbúnaðinn og fara að öllu með gát.

Myndir óskast

Átt þú góða mynd af orlofshúsi félagsins? Okkur þætti vænt um að fá myndir sendar af orlofshúsunum á netfangið sfk@stkop.is.



Hvammur

Gunnarsbraut 14

Reykjaskógi, Biskupstungum



- Hvammur er glæsilegur heilsársbústaður í Reykjaskógi í landi Efri-Reykja í Biskupstungum. Húsið er 80 fermetrar og er um 14 kílómetra frá Laugarvatni.
- Húsið samanstendur af anddyri, stofu og eldhúsi en í því eru auk þess tvö svefnherbergi.

- Eitt hjónaherbergi, eitt herbergi með kojum og rúmstæði sem er 120 sentímetrar. Svefnstæði eru fyrir 5 á neðri hæð.
- Svefnloft er yfir hluta hússins og barnarúm er á staðnum. Fjórir geta gist á efri hæðinni. Alls eru því svefnstæði fyrir níu manns. Sængur og koddar eru fyrir 10 manns í húsinu.

Vissir þú...

...að orlof og veikindi fara ekki saman? Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með vottorði læknis að hann hafi ekki getað notið orlofsins vegna veikindanna. Starfsmaður skal tilkynna veikindi sín til vinnustaðarins svo fljótt sem auðið er og sanna með læknisvottorði.

Starfsmaður getur eingöngu átt inni daga vegna eigin veikinda í sumarorlofi en ekki vegna barna sinna.


- Gasgrill er í húsinu og garðhúsgögn.
- Rúmgóð verönd er við húsið með skjólvegg, ásamt heitum potti og útigeymslum.





Hvassaland 8

Hlíðarfjalli, Akureyri



- Hvassaland 8 í Hlíðarfjalli á Akureyri er nýlegur og glæsilegur orlofskostur á vegum félagsins. Húsið er 108,6 fermetrar að stærð. Það samanstendur af þremur svefnherbergjum anddyri, stofu, borðstofu og eldhúsi.
- Eitt herbergið er hjónaherbergi, annað með tveimur stökum rúmunum en þriðja herbergið er með koju. Alls eru því svefnstæði fyrir átta manns í húsinu. Sængur og koddar eru fyrir 10 manns.
- Eitt baðherbergi er í húsinu með sturtu. Heitur pottur er innandyrá, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, með útgengi á pall.
- Utandyrá er upphituð útigeymsla. Gasgrill fylgir húsinu auk garðhúsgagna.
- Þvottahús ásamt þvottavél og þurrkara er á staðnum.



Spánn

La zenia



Félagsmönnum SfK stendur nú til boða að leigja glæsilegt orlofshús á Spáni. Um er að ræða er 84 fermetra hús með þremur svefnherbergjum á góðum stað.

Húsið er fullbúið öllum húsgögnum og leirtaui ásamt sængum, sængurfatnaði og handklæðum.

Þvottvél og þurrkari er á staðnum ásamt gasgrilli sem er í sér geymslu.

Sólbaðsaðstaða er á þaki hússins.


Sundlaug er við húsið en hún er samnýtt með gestum nokkurra annarra húsa.

Húsið er miðsvæðis. Um það bil 1 kílómetri er frá húsinu niður á strönd og 5 mínútna gangur í verslunarmiðstöðina Zenia Boulevard Shopping Centre sem er 161.000 fermetrar að stærð með um 150 verslunum. Heimasíða verslunarmiðstöðvarinnar er www.zeniaboulevard.es/inico.



Fjórir golfvællir eru í innan við korters akstursfjarlægð frá húsinu; Villa Martin, Las Ramblas Campoamoar og Las Colinas. Miðborg Torre Vieja er í um það bil 15 mínútna akstursfjarlægð þar sem finna má markaði, tívolí og margt fleira.

- Húsið er leigt út í tvær vikur í senn og eru skiptidagar á þriðjudögum.
- Leigutímabilið hefst 17. maí og stendur til 20. september.
- Innifalið í leiguverði er þrifagjald, rafmagn og vatn.
- Frekari upplýsingar er að finna á orlofsvef SfK.



Munaðarnes

Bjarkarási, Borgarfirði - hús nr. 1

- Húsið er 78 fermetrar og samanstendur af anddyri, stofu, borðstofu og eldhúsi. Í húsinu eru auk þess þrjú svefnherbergi; tvö herbergi með tvíbreiðum rúmum og eitt herbergi með kóju. Alls eru því svefnstæði fyrir sex manns í húsinu, auk barnarúms. Sængur og koddar eru fyrir átta manns í húsinu.
- Eitt baðherbergi er í húsinu með sturtu ásamt geymslu og þvottavél.
- Stór og góð verönd er við húsið ásamt heitum potti, útisturtu og geymslum. Gasgrill er í húsinu og garðhúsgögn.



Þverlág 11, Flúðum

- Húsið er rúmí hundrað fermetrar að stærð á frábærum útsýnisstað við Langholtsfjall rétt við Flúðir. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi með sjö rúmum. Svefnsófar eru í stofunni og barnaferðarúm er til staðar. Alls er því svefnstæði, sængur og koddar fyrir 8-10 manns.
- Geymsla og þvottavél er í húsinu.
- Stór og góð verönd er ásamt heitum potti, gasgrill og garðhúsgögn.



Birkihlíð

Munaðarnesi
Borgarfirði



Félagsmenn SfK eiga, líkt og félagsmenn annarra aðildarfélaga BSRB, rétt á að sækja um dvöl í Birkihlíð, orlofhúsi bandalagsins í Munaðarnesi, skammt frá Bifröst um 20 kílómetra fyrir utan Borgarnes. Húsið, sem er á tveimur hæðum, var allt tekið í gegn fyrir sumarið 2014 og er það nú búið veglegum sólpalli sem nær í kringum þrjár hliðar hússins. Þar er einnig heitur pottur og fallegt útsýni yfir Norðurá.

Á efri hæð hússins er samliggjandi stofa og borðstofa þaðan sem opið er inn í eldhús. Á hæðinni er einnig stórt svefnherbergi með hjónarúmi auk lítils salernis. Á neðri hæð hússins er sjónvarpskrókur með svefnsofa auk tveggja svefnherbergja með aðskildum rúmum. Þar er einnig stórt baðherbergi með þvottavél og sturtu.

Af neðri hæðinni er hægt að ganga út á pallinn þar sem heiti potturinn er ásamt gasgrilli. Birkihlíð hefur því svefnaðstöðu fyrir átta fullorðna.

Í orlofshúsabyggðinni í Munaðarnesi er leikvöllur fyrir börn, gervigrasvöllur til knattspyrnuíðkunnar, minigolfvöllur og margar fallegar gönguleiðir. Stutt er í sundlaugina að Varmalandi og golfvelli, auk þess sem hægt er að komast í veiði víða í næsta nágrenni. **Bókanir og upplýsingar um útleigu hússins eru veittar á skrifstofu BSRB í síma 525 8300. Netfangið er bsrb@bsrb.is.**

Nauðsynlegt að hafa með sér

Í orlofshús SfK þarf að hafa með sér allan almennan búnað sem ekki kemur fram að sé til staðar í leigusamningi.

Drög að minnislista:

- Sængurfatnaður
- Lök
- Diskapurrkur
- Borð- og speglatuskur
- Handklæði
- Plastpokar og geymslubox
- Stórir sorppokar og minni fyrir ruslatunnuna
- Handsápa
- Sjampó
- Salernispappír
- Eldhúsrúllur
- Kaffipoka (filter) og kaffi
- Kol (ef kolagrill)
- Kerti og eldspýtur
- Álpappír
- Krydd, sykur, olíu til steikingar o.fl.

Vissir þú...

...að samkvæmt lögum og kjarasamningum eiga allir launþegar rétt á orlofi? Hafi launþegi skipt um vinnu eða hafi nýtt starf á orlofsárinu rýrir það ekki rétt hans til orlofs. Hins vegar gæti starfsmaður átt rétt á launum hjá fyrri atvinnurekanda hafi hann ekki fengið þau greidd er hann lét af starfi.

Orlof að eigin vali



Félagsmönnum SfK stendur til boða að sækja um „Orlof að eigin vali“ rafrænt í gegn um orlofsvef félagsins. **120** styrkir verða veittir með þessum hætti fyrir sumarið 2022. Styrkjunum er úthlutað með sama hætti og um vikudvöl í sumarhúsi væri að ræða og er frádráttur **20 punktar**. Styrkir eru veittir þeim sem ekki hafa fengið sumarhús á orlofstímabilinu.

Félagsmenn sem fá úthlutað fá styrksloforð/orlofsávísun að upphæð **25.000 krónur**. Styrksloforð/greiðsla fer fram eftir að dvöl/leigu lýkur gegn framvísun löggilds reiknings með nafni og kennitölu félagsmanns. Athugið að ekki er hægt að skila ávísun/úthlutun ef hún er ekki notuð.



Orlofsávísanir gilda fyrir gistingu eða leigu utan orlofskerfis Starfsmannafélags Kópavogs og annarra stéttarféлага, þ.e. hótél, gistihús, tjaldstæði, hjólhýsi, fellihýsi eða tjaldvagn, sem ekki hafa verið niðurgreidd af stéttarfélagum eða öðrum samtökum.

Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir matarútgjöldum, bensíni og/eða almennum ferðakostnaði. Ekki verður greidd hærri upphæð en reikningur kveður á um.



Styrksloforð/orlofsávísun gildir á tímabilinu **1. maí til 30.**

september 2022. Löggildum reikningum skal skila til skrifstofu félagsins í síðasta lagi **30. nóvember 2022**. Ekki verður tekið við reikningum eftir þann tíma.

Sótt er um styrkinn á orlofssíðu SfK undir „laus tímabil“ eða „umsókn um úthlutun“. Þegar „orlof að eigin vali“ er valið merkt allt tímabilið. Að því loknu er umsóknin send inn eins og venjulega.



Gisting og nú göngur á sérkjörum

- Félagsmönnum stendur eins og undanfarin ár til boða að kaupa ferðaávísun. Ávísunin er í raun inneign sem hægt er að nota til að greiða fyrir gistingu á um 50 hótélum og gistiheimilum um land allt. Verðin í gegn um orlofskerfið eru almennt mun lægri en á almennum markaði.
- Í ár hefur sú nýjung bæst við ferðaávísunina að hægt er að nota hana til að greiða fyrir skipulagðar gönguferðir á sérkjörum með Ferðafélagi Íslands, Útivist og Fjallafjöri.
- SfK er með mjög veglega niðurgreiðslu á ferðaávísunum, eða **50%**. Hámarksniðurgreiðsla er **35.000** krónur á hverju almannaksári. Fyrir fulla nýtingu er frádráttur 15 punktar. Nánari skilmála má finna á stkop.is/hotel.
- Á orlofsvefnum geturðu skráð þig inn, eins og þegar þú sækir um orlofshús, og valið „Ferðaávísun“. Þá ferð þú yfir á síðu þar sem allar upplýsingar koma fram.
- **Athugið að afar mikilvægt er að taka fram við bókun gistingar hjá samstarfsaðila að greitt sé með ferðaávísun frá félaginu.** Að öðru leyti gilda bókunarskilmálar umrædds samstarfsaðila. Ef bókað er í gegnum bókunarsíður gildir ferðaávísunin ekki.
- **Hvar sé ég hvaða tilboð eru í boði?** Á orlofsvef SfK geturðu skráð þig inn og valið „Ferðaávísun“. Þá koma valmöguleikarnir upp. Hvert hótél eða gistiheimili getur verið með mörg tilboð, eftir gerð herbergis eða innifalinni þjónustu.



Á næstu tveimur síðum má sjá kynningu á hluta þeirra skipulögðu gönguferða sem félagsmönnum stendur til boða þegar þeir kaupa ferðaávísun.



Göngur og gisting

Ferðaávisun veitir nú aðgang að spennandi ævintýra- og gönguferðum með Ferðafélagi Íslands, Útivist og Fjallafjöri. Sem fyrr njóta félagsmenn sérkjara í krafti fjöldans en Ferðaávisun má nota allt árið um kring. Félagsmönnum gefst nú gullið tækifæri á að fara í skipulagðar ferðir um íslensk fjöll og firnindi.



Lágafell

Lágafellshópur Fjallafjörs hentar í senn byrjendum og þeim sem vilja fara í styttri láglendisgöngur og gefa sér rúman tíma í að njóta þeirra. Þrjár annir eru yfir árið og hver önn samanstandur af 12 ferðum, 9 kvöldferðum og 3 dagsferðum.

Verð: 24.900 kr.



Fimmvörðuháls

24.-26. júní

Hin árlega Jónsmessuganga Útivistar yfir Fimmvörðuháls er einn af hápunktunum í starfi Útivistar ár hvert. Lagt er af stað frá Reykjavík á föstudagskvöldi og gengið yfir Hálsinn um nóttina. Í dögun á laugardegi koma göngumenn niður í Bása þar sem tími gefst til að hvílast um stund. Um kvöldið er slegið upp grillveislu og kveiktur varðeldur þar sem Útivistar-gleðin ríkir.

Verð: 31.000 kr.



Hornstrandir

7.-10. júlí

Á Hornströndum renna haf og himinn saman í stórbrotinni fegurð og dulúð. Ævintýrið hefst með siglingu inn í Jökulfirði og heldur áfram þegar gengið er yfir í Hornbjargsvita, um hið mikla Hornbjarg og blómskrúðið í Hornvík. Stórbrotin fegurð blasir alls staðar við. Ekki spillir hin litríka og sérstæða mannlífssaga Friðlandsins. Gist er í þrjár nætur í Hornbjargsvita og dvalið við náttúraskoðun og gönguferðir.

Verð: 103.000 kr.



Laugavegur

13.-17. júlí

Vinsælasta gönguleið landsins lætur engan ósnortinn. Um er að ræða magnaða upplifun fyrir líkama og sál þar sem fjölbreytt landslag, óbrúaðar ár, litskrúðug líparítsvæði, svartir sandar og grænir skógar verða á vegi göngugarpa. Um er að ræða fimm daga ferð undir leiðsögn þar sem rúta, trúss, gisting og fararstjórn er innifalin.

Verð: 98.000 kr.



Gisting um land allt

Með ferðaávisun nýtur þú sérstakra tilboðskjara á gistingu hjá fjölmörgum samstarfsaðilum um allt land.



Hótel Geysir

Suðurland

Herbergi fyrir tvo með morgunverði.

Verð frá: 33.000 kr.



Íslandshótel

Víða um land

Herbergi fyrir tvo með morgunverði.

Verð: 14.400 kr.



Kea hotels

Norðurland og víðar

Eins manns herbergi með morgunverði.

Verð frá: 13.900 kr.

með Ferðaávísun



Sveinstindur – Skælingar

Um er að ræða eina fallegustu gönguleiðina á sunnanverðu hálendinu. Gangan hefst við Langasjó en gengið er á Sveinstind áður en gist er í Sveinstindsskála. Þaðan er haldið niður með Skaftá í Skælinga þar sem einstakar hraunmyndanir setja svip á umhverfið. Frá Skælingum er gengið á Gjátind og niður í Eldgjá. Gangan endar í Hólaskjólum þar sem gist er síðustu nóttina. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumar.

Verð: 60.000 kr.



Haustferð í Skaftártungu

Fjallafjör býður upp á helgarferð á Skaftártungu þar sem vel valdar perlur verða skoðaðar. Gengið verður á Gjátind, um Eldgjá, Ófærufoss skoðaður, Syðri-Ófæra, Gígvatn og fallegir fossar. Gist er í skálanum í Hólaskjólum en þátttakendur fara á eigin bílum þangað. Innifalið er leiðsögn, gisting og rúta frá Hólaskjólum til og frá göngustöðum.

Verð: 33.900 kr.



Strútsstígur

Gangan hefst í Hólaskjólum en þaðan er um tveggja tíma gangur í skálann við Álftavötn þar sem gist er fyrstu nóttina. Á öðrum degi er gengið með Svartahnjúksfjöllum í Hólmsárbotna, með viðkomu í Strútslaug. Þaðan er gengið í Strútsskála þar sem gist er í tvær nætur og einstakt umhverfi skálans skoðað. Á lokadegi liggur leiðin um Mælifellssand í Hvanngil þar sem rúta tekur upp hópinn. Hægt er að velja um fjórar dagsetningar í sumar.

Verð: 58.000 kr.



Jóga, núvitund og göngur í Þórsmörk

17.-19. júlí

Þessi ferð býður upp á allt það besta sem finna má í Þórsmörk. Gist verður tvær nætur í skála Ferðafélags Íslands í Langadal. Ein fegursta og fjölbreyttasta gönguleið landsins verður gengin en hún skartar ægífögru útsýni yfir Þórsmörk. Áhersla verður á að njóta, en ekki þjóta. Farið verður í morgunjóga, nidra-djúpslökun auk þess sem hópurnir verður endurnærður með gong-tónheilun í ósnortinni náttúrunni.

Verð: 50.000 kr.



Gistiheimilið Hvoll

Suðurland
Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 13.563 kr.



Arctic Hotels

Norðurland
Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 10.000 kr.



Center Hotels

Höfuðborgarsvæðið
Tveggja manna herbergi.

Verð frá: 19.900 kr.



Einarshúsið

Vestfirðir
Tveggja manna herbergi.

Verð frá 13.000 kr.

Hvar fæst ferðaávísun?

Ferðaávísun fæst keypt á orlofsvef félagsins. Þar má finna nánari upplýsingar um þær ferðir og gistingu sem samstarfsaðilar okkar bjóða upp á.

Veiðikortið



- Veiðikortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt reyndum veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Með Veiðikortið í vasanum er hægt að veiða nær ótakmarkað í 36 veiðivötnum víðsvegar um landið sem og tjalda ókeypis við mörg þeirra. Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa. Eiganda kortsins ber að merkja kortið á bakhlið með kennitölu sinni.
- Kortið fæst keypt á orlofsvefnum og er seint heim til kaupanda í pósti. Kortið er niðurgreitt af félaginu og kostar aðeins 3.500 krónur. Almennt söluverð er 8.900 krónur. Með kortinu fylgir veglegur bæklingur og í honum eru lýsingar á veiðisvæðunum, reglur, kort og myndir.



Nánari
upplýsingar á
veiðikortid.is.

Útilegukortið



- Félagsmönnum SfK býðst Útilegukortið á niðurgreiddu verði. Kortið veitir tveimur fullorðnum og allt að fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins.
- Kaup á útilegukortinu eru fara fram í gegnum orlofsvefinn en í kjölfarið er það sent heim til kaupanda í pósti. Almennt söluverð er 19.900 krónur en verð til félagsmanna SfK er 10.000 krónur.
- Nánari upplýsingar má finna á vef Útilegukortsins, utilegukortid.is

Gjafabréf Icelandair



- Gjafabréf Icelandair gildir sem greiðsla fyrir flug í beinu áætlunarflugi til allra áfangastaða Icelandair. Ekki er hægt að nota þetta gjafabréf sem greiðslu upp í pakkaferð.
- Gjafabréf sem kostar **18.000** krónur er ígildi **25.000** króna inneignar. Það er einungis til sölu á orlofsvefnum. Athugið að á gjafabréfinu er númer sem nota þarf þegar flug er bókað og keypt.
- Hver félagsmaður getur keypt að hámarki sjö gjafabréf á ári. Gjafabréfin gilda í fimm ár frá útgáfudegi og verða að notast innan þess tíma (bæði við brottför og heimferð). Gjafabréfin fást ekki endurgreidd.
- Kynnið ykkur frekari skilmála á vef SfK og heimasíðu Icelandair.

Sumarlokun skrifstofu

Skrifstofa SfK lokar í þrjár vikur í sumar. Við lokum miðvikudaginn 13. júlí og opnum aftur þriðjudaginn 2. ágúst

Við minnum á að hægt er að kaupa bæði veiði- og útilegukort rafrænt á heimasíðu félagsins. Kortin ásamt bæklingi eru send með póstinum til þess heimilisfangs sem skráð er hjá félagsmanni. Gott að huga að því að panta kortin tímanlega. Hægt er að hafa beint samband við Veiðikort í síma 517-4515 og Útilegukort í síma 552-4040 og óska eftir að sækja kortin til þeirra.

Stjórn og nefndir

Stjórn SfK	Vinnustaður	Hlutverk
Marta Ólöf Jónsdóttir	Starfsmannafélag Kópavogs	Formaður
Jóhannes Ævar Hilmarsson	Stjórnsýslusvið	Varaformaður
Málfríður Anna Gunnlaugsdóttir	Þjónustuver	Gjaldkeri
Elísabet Stefánsdóttir	Íþróttahús Digranesi	Ritari
Gunnar Heimir Ragnarsson	Hörðuvallaskóli	Meðstjórnandi
Herdís Þóra Snorradóttir	Velferðarsvið	Varamaður
Steina Sigurðardóttir	Snælandsskóli	Varamaður
Orlofsnefnd		
Sigurður Þ. Kjartansson	Kópavogsskóli	Formaður
Arna Margrét Erlingsdóttir	Menntasvið	Ritari
Ólöf Hildur Gísladóttir	Starfsmannafélag Kópavogs	Meðstjórnandi
Sigríður Helgadóttir	Þjónustuver	Meðstjórnandi
Gylfi Sigurðsson	Bókasafn Kópavogs	Meðstjórnandi
Skoðunarmenn reikninga		
Atli Sturluson	Velferðarsvið	
Katrín Helgadóttir	Velferðarsvið	
Guðrún Hauksdóttir	Hjá byggingafulltrúa	Varamaður



Almennur opnunartími skrifstofu SfK er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00 - 15:00. Símsvörun er frá kl. 10:00 - 15:00. Opnunartími föstudaga er frá kl. 10:00 - 13:00.